

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Örnefnanefnd var þannig skipuð 2005:

Ari Páll Kristinsson formaður.

Varamaður hans og varaformaður nefndarinnar: Skúli Björn Gunnarsson. Jónas Jónsson, tilnefndur af umhverfísráðuneyti.

Varamaður: Hrafn Hallgrímsson.

Svavar Sigmundsson, tilnefndur af stjórn Örnefnastofnunar Íslands.

Varamaður: Gunnlaugur Ingólfsson.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi: Guðrún Kvaran. Til vara: Þóra Björk Hjartardóttir.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands. Stofnunin hefur með höndum fjármál nefndarinnar.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum og reglugerð þessi:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni og því hafi verið skotið til nefndarinnar;
5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Heimasíða

Á heimasíðu örnefnanefndar (www.islenskan.is/ornefnanefnd.html) má finna lög og reglugerð um störf nefndarinnar, meginsjónarmið örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir tilkynningu um nafn býlis og beiðni um breytingu á nafni býlis, ársskýrslur, nöfn nefndarmanna og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998.

Fundir og afgreiðsla erinda

Haldnir voru átta fundir í örnefnanefnd árið 2005.

Nöfn býla

Tilkynningar um nöfn nýbýla:

Örnefnanefnd bærust á árinu formlegar tilkynningar um 35 nöfn.

Eftir umfjöllun í nefndinni voru 26 ný nöfn samþykkt og send þinglýsingarstjórum. 5 erindum var vísað frá og 4 var hafnað.

Ástæða frávísananna var í öllum tilvikum að ekki var sýnt fram á að stofnuð hefðu verið ný býli.

Þremur nafntilkynningum var hafnað með vísan til þess að nöfnin væru andstæð nafngiftahefð. Í einu málinu kærði tilkynnandi ákvörðunina til menntamálaráðuneytis sem óskaði í kjölfarið eftir umsögn og afstöðu nefndarinnar til kærunnar. Úrskurður ráðuneytisins lá ekki fyrir í árslok. Einni nafntilkynningu var hafnað á þeirri forsendu að nafnið væri í senn andstætt nafngiftahefð með tilliti til staðháttar og jafnframt málfræðilega ótækt heiti í nefnifalli.

Árið 2004 hafði örnefnanefnd hafnað tiltekinni nafntilkynningu á þeirri forsendu að nafnið væri andstætt nafngiftahefð með tilliti til staðháttar. Tilkynnandi kærði niðurstöðu nefndarinnar. Menntamálaráðuneyti úrskurðaði um málið 2005 og staðfesti niðurstöðu örnefnanefndar.

Beiðnir um breytingar á nöfnum býla:

Örnefnanefnd fékk á árinu 5 formleg erindi um nafnbreytingar á býlum. Tvær voru heimilaðar á árinu. Önnur breytingin fólst í því að nafnmynd var löguð að málvenju heimamanna og í hinni var á ný tekið upp eldra nafn býlis. Einni beiðni um nafnbreytingu var vísað frá á grundvelli þess að nafngiftir húsa í þéttbýli eiga undir sveitarstjórnir nema ef ágreiningur verður má skjóta honum til örnefnanefndar. Einni beiðni um breytingu á nafni býlis var hafnað með vísan til þess að þegar var til býli með því nafni, sem óskað var eftir, í sama umdæmi sýslumanns en slíkt er andstætt lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 og reglugerð nr. 136/1999. Loks var ein beiðni um nafnbreytingu, dags. 6. desember 2005, enn til umfjöllunar í nefndinni í árslok.

Ný nöfn 2005

Árið 2005 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Akrar. Úr landi Kringlu I, Grímsnes- og Grafningshreppi.
Baugstaðir III. Úr landi Baugsstaða, Sveitarfélaginu Árborg.
Björk II. Úr landi Bjarkar, Grímsnes- og Grafningshreppi.
Bæjarholt. Úr landi Snjallsteinshöfða I, Rangárþingi ytra.
Dverghamar. Úr landi Hamars I og Hamars II, Gaulverjabæjarhreppi.
Einholt. Úr landi Syðri-Hofdala, Sveitarfélaginu Skagafirði.
Grímarsstaðir II. Úr landi Grímarsstaða, Borgarfjarðarsveit.
Grímstunga II. Úr landi Grímstungu, Öxarfjarðarhreppi.
Hafragil II. Úr landi Hafragils, Sveitarfélaginu Skagafirði.
Húnsstaðir II. Úr landi Húnsstaða, Torfalækjarhreppi.
Kjóastaðir III. Úr landi Kjóastaða II, Bláskógabyggð.
Kríumýri. Úr landi Glóru, Hraungerðishreppi.
Laufbrekka. Úr landi Norðurkots, Reykjavík (Kjalarnesi).
Lindarholt. Úr landi Ölvaldsstaða I, Borgarbyggð.
Lindatunga. Úr landi Dalsmynniss, Bláskógabyggð.
Ljónshöfði. Úr landi Lambafells, Rangárþingi eystra.
Lyngholt. Úr landi Syðri-Hamra I, Ásahreppi.
Norðurnes. Úr landi Kvíarholts, Rangárþingi ytra.
Selás. Úr landi Pulu, Rangárþingi ytra.
Skammilækur. Úr landi Berustaða I, Ásahreppi.
Skinnhúfa. Úr landi Kvíarholts, Rangárþingi ytra.
Staður. Úr landi Staðarhúsa, Borgarbyggð.
Stóragerði. Úr landi Ytri-Grímslækjar, Sveitarfélaginu Ölfusi.
Varghóll. Úr landi Skammbeinsstaða II, Rangárþingi ytra.
Vorsabær III. Úr landi Vorsabæjar II, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Þrándarholt V. Úr landi Þrándarlundar, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Árið 2005 fjallaði örnefnanefnd enn fremur um og féllst á beiðnir um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum, samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum:

Galtastaðir út. Áður Ytri-Galtastaðir í Hróarstungu.
Ósakot. Áður Tjaldbúðir í Staðarsveit.

Landakort og vegvísar

1) Örnefnanefnd fjallaði um ágreining sem risið hafði milli eiganda býlisins Geitagerðis í Sveitarfélaginu Skagafirði og sveitarstjórnar sem ákveðið hafði að gata á Hólum í Hjaltadal bæri nafnið Geitagerði. Hinn 4. júlí samþykkti örnefnanefnd eftirfarandi úrskurð um götunafnið Geitagerði að Hólum í Hjaltadal í Sveitarfélaginu Skagafirði:

Skv. 2. gr. laga nr. 35/1953 með síðari breytingum, um bæjanöfn o.fl., og 8. gr. reglugerðar nr. 136 um störf örnefnanefndar, 22. febrúar 1999, ber örnefnanefnd að skera úr ágreiningi um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 136/1999, um störf örnefnanefndar, lýsa nánar þeim reglum sem fylgt er ef óskað er eftir úrskurði nefndarinnar í slíkum ágreiningi innan sveitarfélaga.

Nefndinni barst erindi, dags. 7. apríl 2005, frá eiganda jarðarinnar Geitagerðis í Sveitarfélaginu Skagafirði. Fór málshefjandi fram á að horfið yrði frá nafninu Geitagerði á nýrri götu að Hólum í Hjaltadal vegna samnefnis við lögbýli hans. Í erindi málshefjanda komu fram áhyggjur af ófullnægjandi aðgreiningu eftir að götunni var gefið þetta nafn. Var í rökstuðningi m.a. vísað til vandræða við póstsendingar enda væri notað sama póstnúmer á svæðinu. Einnig var vísað til auglýsingar frá sveitarstjórn um tillögu að deiliskipulagi að Hólum í Hjaltadal í blaðinu Sjónhorninu 7. apríl 2005 þar sem talað er um deiliskipulag Geitagerðis frá mars 2003 en málshefjandi finnur að því að það hafi verið gert án þess að getið sé um nánari staðsetningu. Þá var bent á að lögbýlið í eigu málshefjanda hefði borið þetta nafn frá fornu fari en gatan væri ný.

Örnefnanefnd fjallaði um erindið á fundi sínum 28. apríl 2005 og ákvað að huga að því að undirbúa úrskurð skv. ákvæðum 2. greinar bæjanafnalaganna og 8. gr. reglugerðar nr. 136/1999. Er þetta í fyrsta sinn sem nefndin fær erindi með beiðni um úrskurð í ágreiningi um götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélaga eftir að sett var reglugerð um starfsemi örnefnanefndar 22. febrúar 1999, á grundvelli laga nr. 35/1953, með breytingum sem tóku gildi 1. ágúst 1998, og því ekki fordæmi fyrir málsmeðferð á grundvelli þessara ákvæða.

Örnefnanefnd byrjaði á að upplýsa sveitarstjórn Skagafjarðar bréflega 29. apríl 2005 um erindi eiganda Geitagerðis og sendi henni afrit af því. Jafnframt leitaði nefndin eftir viðbrögðum sveitarstjórnarinnar við málaleitan hans áður en lengra yrði haldið. Eiganda býlisins var sent afrit af bréfi örnefnanefndar til sveitarstjórnar.

Svar barst frá sveitarstjórn Skagafjarðar dags. 12. maí 2005. Þar kom fram að byggðarráð hefði fjallað um erindið 10. maí 2005 og sæi „ekki ástæðu til að gera breytingar á götuheitinu, enda gamalt örnefni á staðnum“. Þessi afgreiðsla hefði síðan verið staðfest af sveitarstjórn Skagafjarðar 12. maí. Sveitarstjórnin sendi eiganda Geitagerðis einnig afrit af svarbréfinu.

Þegar viðbrögð sveitarstjórnar lágu fyrir ræddi formaður örnefnanefndar í síma við eiganda Geitagerðis og spurðist fyrir um hvort eigendur vildu halda erindi sínu til streitu og reyndist svo vera.

Örnefnanefnd fjallaði um viðbrögð sveitarstjórnar á fundi sínum 26. maí 2005 og ákvað að halda áfram að undirbúa úrskurð í samræmi við ákvæði 8. greinar reglugerðar um störf örnefnanefndar. Fyrir lá að auglýsa eftir ábendingum eða vitneskju sem að haldi gæti komið við undirbúning úrskurðarins. Var það gert með bréfi dags. 27. maí 2005 til málshefjanda, sveitarstjórnar, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, Hólaskóla, Landmælinga Íslands og Örnefnastofnunar Íslands, og með samhljóða auglýsingum í Lögbirtingablaðinu, DV, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Í auglýsingunni sagði m.a.: „Hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum, er að haldi komi við undirbúning úrskurðarins, gefst færi á að kynna örnefnanefnd álit sitt. Ábendingum skal skila til örnefnanefndar, Lyngási 7, 210 Garðabæ, eigi síðar en 30. júní 2005.“

Engin viðbrögð bárust við blaðaauglýsingum né þeim auglýsingum sem sendar voru bréflega til ofangreindra aðila.

Lítur örnefnanefnd svo á að málshefjandi og sveitarstjórn telji sig hafa gert nægjanlega grein fyrir afstöðu sinni í þeim bréfum sem fyrr voru nefnd.

Meginsjónarmið

Nefndinni er ekki kunnugt um að úrskurðað hafi verið áður skv. ofangreindum ákvæðum bæjanafnalaga um mál af þessu tagi.

Örnefnanefnd leggur eftirfarandi sjónarmið einkum til grundvallar við mat á ágreiningsefninu, auk þess vitaskuld sem mið er tekið af ákvæðum stjórnsýslulaga, einkum um meðalhóf (12. gr.):

Í 3. gr. reglugerðar um störf örnefnanefndar nr. 136/1999 segir að örnefnanefnd skuli í störfum sínum miða að varðveislu íslensks menningararfs og örnefnavernd og að því að ný örnefni séu í samræmi við íslenska málfræði og íslenska málvenju.

Engin ákvæði eru í bæjanafnalögunum sem leiðbeina um ný götunöfn en ráða má af ákvæðum um nafngiftir húsa í þéttbýli, sbr. 6. gr. bæjanafnalaganna, og ákvæðum um nöfn býla í dreifbýli, sbr. 5. gr. laganna, að telja verði óæskilegt að götur eigi samnefnt við lögbýli í sama héraði enda er lögð áhersla á að forðast samnefni í 5. og 6. gr. bæjanafnalaganna nr. 35/1953. Í 5. gr. segir um nafngiftir nýrra býla að þær megi ekki leiða til samnefna á fasteignum í sama héraði né nafna sem séu svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í héraðinu að hætt sé þess vegna við nafnabrenslum. Um er að ræða ákvæði um býli utan skipulagðra þéttbýliskjarna. Í 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 136/1999 er í stað hugtaksins hérað miðað við „sama umdæmi sýslumanns“. Í 6. gr. bæjanafnalaganna segir um nafngiftir húsa í kaupstað, kaптúni eða þorpi að ekki megi taka upp nafn sem önnur fasteign í sama kaupstað, kaптúni, þorpi eða sýslufélagi hafi áður fengið með löglegum hætti.

Samnefni geta leitt til óhagræðis og jafnvel stefnt öryggisatriðum í tvísýnu, svo sem ef bruna eða slys ber að höndum.

Sem fyrr segir er ekki fjallað um samnefni götunafns og lögbýlis í bæjanafnalögunum þótt álykta megi út frá öðrum ákvæðum um samnefni að slíkt hljóti að teljast óæskilegt. Hvað varðar ókostina eða þann ama sem fylgir samnefni götunafns við lögbýli gegnir þó óneitanlega öðru máli en um samnefni lögbýla í sama sýslumanns-

umdæmi innbyrðis, eða einstakra húsa í sama þéttbýliskjarna innbyrðis, enda fylgja notkun götuheita að jafnaði númer afmarkaðra fasteigna, skráð með arabískum tölustöfum, sem auðvelda aðgreiningu hvort heldur er í skráum Fasteignamats ríkisins, fasteignabók sýslumanns, póstáritun, í útköllum slökkviliðs og öðrum neyðartilvikum o.fl. Þar sem jörðum í dreifbýli er skipt upp og fleiri en eitt býli nota upphaflegt jarðarheiti tíðkast vissulega einnig að aðgreina býlin með tölustöfum en þá er hefð að nota rómverska stafi. Ætla má að aðgreining fasteigna með götunúmerum, og frágangur á númerunum með mismunandi tegundum tölustafa eftir því hvort um er að ræða hús við götu í þéttbýli eða býli í dreifbýli, séu nothæfar leiðir til að koma í veg fyrir misskilning eða ranga skráningu eða minnka stórlega hættuna á slíku. Auk þessa má við ýmsar aðstæður nýta þá aðgreiningu fasteigna sem fylgir númerakerfi Fasteignamats ríkisins.

Í ljósi þeirrar áherslu, sem lögð er í bæjanafnalögunum á að forðast samnefni við lögbýli sem fyrir eru, verður að telja æskilegt að sveitarstjórnir sneiði hjá því að gefa nýjum götum heiti sem til eru á lögbýlum í sama héraði. Ekki verður þó talið rétt að ætlast til þess af sveitarstjórnnum að þær gæti að öllum nöfnum innan sýslumannsumdæmis þegar valin eru götunöfn heldur má telja hóflegt að mælast til þess að sveitarstjórnir hugi vandlega að þessu innan marka eigin sveitarfélags.

Loks vegur það sjónarmið þungt við úrskurðinn að taka verður ríkt tillit til ákvæðis 1. gr. sveitarstjórnarlaga um að sveitarfélög ráði sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Úrskurður

Geitagerði er gamalt örnefni á Hólum og væri nafnið ekki þegar til á lögbýli í sveitarfélaginu sæi örnefnanefnd alls enga annmarka á nafninu sem götuheiti á staðnum. Nafngiftin er samrýmanleg markmiðum um örnefnavernd og varðveislu menningararfs. En telja verður að eigandi lögbýlisins Geitagerðis í sama sveitarfélagi eigi tilkall til þess að ekki sé gengið á rétt hans til að nota nafn býlis síns með sama hætti og var. Hér gæti m.a. verið um öryggismál að ræða.

Örnefnanefnd úrskurðar að telji sveitarstjórn Skagafjarðar sér ekki fært að breyta götunafninu skuli hún beita sér fyrir því eins og kostur er að við hvers konar skráningu og merkingar verði götuheitinu Geitagerði að Hólum látin fylgja nánari staðgreining sem vísar til Hóla, t.d. með skráningu á borð við „Geitagerði 3, Hólum“ eða „Geitagerði 3 (Hólum)“, í þeim tilvikum þar sem telja má hugsanlegt að annað yrði eiganda lögbýlisins Geitagerðis til ama.

Úrskurði þessum má skjóta til menntamálaráðuneytis skv. ákvæðum stjórnsýslulaga.

2) Eigandi Gljúfurs í Ölfusi óskaði eftir að örnefnanefnd tæki til skoðunar ágreining, sem hann kvaðst hafa staðið í við skipulagsyfirvöld í Ölfusi, um nafn á þéttbýlismyndun í landi Gljúfurárholts. Sagði hann yfirvöld í Ölfusi hafa kynnt væntanlegt þéttbýli undir nafninu Gljúfurbyggð sem hann væri ósáttur við. Þessu til viðbótar gerði hann athugasemd við áform um að -gljúfur yrði síðari liður götunafna þar.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sker örnefnanefnd m.a. úr ef ágreiningur rís um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Í 7. gr. sömu laga segir: „Nú myndast þéttbýli – þorp – í landi einhverrar jarðar eða jarða, og er þá rétt, að sveitarstjórn sæki um það til

örnefnanefndar að fá lögfest nafn á því, enda geri hún þá jafnframt tillögur um nafnið og lýsi staðháttum, eftir því sem ástæða er til ...“ Í 6. og 8. gr. reglugerðar nr. 136/1999, um störf örnefnanefndar, eru nánari ákvæði um þessi atriði.

Örnefnanefnd óskaði eftir viðbrögðum sveitarstjórnar Ölfuss áður en lengra yrði haldið. Þar á meðal var beðið um upplýsingar um þá þéttbýlismyndun í landi Gljúfur-árhólts sem eigandi Gljúfurs fjallar um og um það hvort sveitarstjórn Ölfuss muni sækja um lögfest nafn á henni. Umkvörtun eiganda Gljúfurs laut að tvennu. Annars vegar að heiti þéttbýlismyndunarinnar í heild og þar má hafa hliðsjón af 7. gr. bæjanafnalaganna og hins vegar að götunöfnum en þar kæmu hugsanlega til skjalanna ákvæðin í 2. gr. bæjanafnalaganna. Svar sveitarstjórnar hafði ekki borist í árslok.

Nöfn sveitarfélaga

Örnefnanefnd veitti á árinu umsagnir um nöfn tveggja sveitarfélaga. Annars vegar var um að ræða umsagnir um 6 nafnatillögur sem lagðar yrðu fyrir íbúa í atkvæðagreiðslu um nafn sameinaðs sveitarfélags. Hins vegar var um að ræða umsögn um fyrirhugaða breytingu á nafni sveitarfélags.

Annað

Örnefnanefnd barst erindi frá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í Vín þar sem fram kemur að boðað hafi verið til 23. fundar örnefnafræðinga á vegum Sameinuðu þjóðanna, í Vín í Austurríki 28. mars – 4. apríl 2006, í sérfræðingahópnum United Nations Group of Experts on Geographical Names (UNGEGN), og að í fundarboði, sem barst fastanefndinni ásamt dagskrárdrögum, sé íslenskum stjórnvöldum boðið að tilnefna sérfræðinga til að sækja fundinn. Örnefnanefnd ákvað að óska eftir því við utanríkisráðuneyti að það gæfi út fulltrúabréf fyrir ofangreindan fund til handa Svavari Sigmundssyni.

Örnefnanefnd svaraði beiðni fulltrúa UNGEGN um upplýsingar um fyrirkomulag örnefnamála á Íslandi o.fl.

Á haustþingi kom fram lagafrumvarp menntamálaráðherra um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun en samkvæmt því verður Örnefnastofnun Íslands lögð niður en verkefni hennar flutt til hinnar nýju stofnunar. Í reglugerð menntamálaráðherra nr. 136/1999, um störf örnefnanefndar, segir í 1. gr. að örnefnanefnd hafi aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands. Þá hefur nefndin haft sameiginlegan fjárhag með stofnuninni. Örnefnanefnd beindi því til menntamálaráðuneytis að búið yrði svo um hnútana við fyrirhugaðar breytingar á stofnunum íslenskra fræða að nefndin hefði framvegis samsvarandi aðstöðu og hingað til.

Lyngási 7, Garðabæ
22. febrúar 2006